

OFBELDISVARNARNEFND

Ár 2021, mánudagur, 17. maí var haldinn 45. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn var haldinn í fiarfundi í Ráðhúsi og hófst kl. 14.05. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fiarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1436/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Heiða Björg Hilmisdóttir, Steinunn Gyðu- Guðjónsdóttir, Diljá Ámundadóttir Zoëga, Jenný Ingudóttir, Halla Bergþóra Björnsdóttir. Einnig sat fundinn Anna Kristinsdóttir. Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 5. maí 2021, um samþykkt borgarstjórnar á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi m.a. um notkun fjarfundabúnaðar, ásamt fylgiskjölum. R18060129.
2. Fram fer kynning á eftirfylgniúttekt Innri endurskoðunar á verkferlum hjá Barnavernd. R21050191.

Regína Ásvaldsdóttir og Katrín Helga Hallgrímsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

3. Fram fer umræða um #Metoo.

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar leggur fram svohljóðandi bókun:

Ofbeldisvarnarnefnd ályktar að þörf sé á úrræði fyrir gerendur kynferðisbrota þar sem þeir geta leitað sér aðstoðar, tekið ábyrgð á broti sínu og fundið leiðir til að koma í veg fyrir frekari brot. Í dag er starfrækt úrræðið Heimilisfriður fyrir fólk sem beitir ofbeldi í nánum samböndum en ekki er til neitt sambærilegt fyrir einstakling sem hefur beitt einhvern kynferðisofbeldi sem ekki er maki þeirra. Nú þegar kallað er sterklega eftir því að gerendur gangist við brotum sínum skiptir máli að þeim bjóðist sérfræðipjónusta til að taka þau skref. Ofbeldisvarnarnefnd skorar á stjórnvöld að setja það í forgang að koma á og fjármagna slíkt úrræði. Ofbeldisvarnarnefnd vekur athygli á þeirri miklu aðsókn sem úrræði fyrir brotþola ofbeldis standa nú frammi fyrir. Opinská og afhjúpanði umræða um ofbeldi hefur snert marga brotþola á liðnum vikum og haft áhrif á liðan þeirra. Margir upplifa erfiðar tilfinningar í kjölfarið og aðrir eru tilbúnir að opna á reynslu sína og leita hjálpar. Þá er mikilvægt að þeim mæti ekki löng bið eftir aðstoð og þjónustu. Ofbeldisvarnarnefnd hvetur til þess að allir aðilar ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og almenningur styðji fjárhagslega við úrræði fyrir brotþola og taki þannig þátt í baráttunni gegn ofbeldi.

4. Fram fer kynning á verkefninu Violence and what to do about it. R21050193.

George Hosking og Aidan Philips frá Wavetrust taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

5. Fram fer kynning á verkefninu Síðasta sagan. Upplifun kvenna í íþróttum. R21050194.

Margrét Björg Ástvaldsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Fundi slitið kl. 16:05